

GÆÐASTEFNA NORÐURORKU

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins nær yfir rekstur fráveitu og dreifikerfa fyrir heitt vatn, neysluvatn og rafmagn; rannsóknir og vinnslueftirlit vinnslusvæða, hönnun og viðhald mannvirkja auk innra eftirlits með sölumælum.

Stjórnendur Norðurorku gegna lykilhlutverki í gæðastarfi Norðurorku og þeir marka gæðastefnu sem hæfir tilgangi fyrirtækisins og myndar nauðsynlegan ramma um gæðastarfið.

Gæðastefna Norðurorku leggur áherslu á stöðugar umbætur sem stuðla að því

- að viðskiptavinir fái **góða vöru og þjónustu**
- að fyrirtækið haldi **ISO 9001 vottun** og uppfylli **opinberar kröfur** sem gerðar eru til starfseminnar
- að **viðhalda jákvæðri ímynd** fyrirtækisins

Gæðaráð setur gæðamarkmið sem styðja við gæðastefnuna og sér til þess að þau séu reglulega endurskoðuð.

Gæðaráð, æðsta vald í gæðamálum fyrirtækisins, tryggir að gæðastefnan sé vel kynnt innan fyrirtækisins og að starfsfólk þekki hana og skilji.